

Nd.

169. Frumvarp til laga

[136. mál]

um breytingu á lögum nr. 41, 18. maí 1978 um Iðntæknistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

1. gr.

Í stað „1978“ í ákvæði til bráðabirgða kemur „1979“.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í 45. gr. laga nr. 64, 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, eru ákvæði um að greiða skuli gjald til Rannsóknastofnunar iðnaðarins er nemi 2% af kaupum verkafólks og fagmanna hjá iðnfyrirtækjum, verksmiðjum og verkstæðum. Í bráðabirgðaákvæðinu var ákvæði um að gjaldið skuli innheimt til loka ársins 1978 og renna til Iðntæknistofnunar Íslands.

Með þessum lögum er ákvæðið framlengt um 1 ár.

Í 3. gr. laga um jöfnunargjald nr. 83/1978 segir að tekjum af jöfnunargjaldi skuli ráðstafa í fjárlögum ár hvert, að hluta, til eflingar iðnþróunar og tekjum af gjaldinu er til falla árið 1978 skuli ráðstafað samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

Í 9. gr. laganna um Iðntæknistofnun Íslands segir í b) málslíð, að hluti af jöfnunargjaldi skuli frá og með 1979 vera einn af tekjustofnum.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er gert ráð fyrir, að 91 m.kr. af jöfnunargjaldi skuli varið til Iðntæknistofnunar Íslands án þess þó að nokkur aukning komi til á starfsemi stofnunarinnar. Þessi fjárhæð af jöfnunargjaldi er því fyrst og fremst vegna launahækkana og verðhækkana milli ára, og til þess að bæta upp tekjumissi af iðnaðargjaldi. Þetta veldur því hins vegar, að ófullnægjandi fjárhæð af jöfnunargjaldi getur runnið til brynna iðnþróunarverkefna, svo sem til starfsemi Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins o. fl.

Til þess að koma í veg fyrir, að áhrif jöfnunargjaldsins til eflingar iðnþróunar verði stórkostlega skert, er talið eðlilegt, að ákvæðið um iðnaðargjaldið verði framlengt um 1 ár.

Áætluð fjárhæð iðnaðargjaldsins árið 1979 er 70 m.kr.

Telja verður eðlilegt, að iðnaðarráðuneytið ráðstafi áður nefndum 91 m.kr. samkvæmt sérstökum viðfangsefnalið til iðnþróunar.